

FÉLAGSÞJÓNUSTA HVALFJARÐARSVEITAR



ÞJÓNUSTA FYRIR ELDRI
BORGARA Í
HVALFJARÐARSVEIT

UPPLÝSINGAR



SKRIFSTOFA HVALFJARÐARSVEITAR
INNRMEL 3
OPIN ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL: 10-15.
S. 433-8500

FÉLAGSÞJÓNUSTA HVALFJARDARSVEITAR

EFNISYFIRLIT

<u>Upplýsingar og ráðgjöf</u>	4
<u>Félagsstarf</u>	5
<u>Opið hús</u>	6
<u>Vatnsleikfimi</u>	7
<u>Félagsstarf aldraðra á Akranesi og nágrenni</u>	8
<u>Akstursþjónusta</u>	9
<u>Félagsleg heimaþjónusta</u>	10
<u>Heimsendur matur</u>	11
<u>Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði á Akranesi</u>	12
<u>Hvíldarinnlagnir á Höfða</u>	13
<u>Endurhæfing aldraðra á göngudeild</u>	14
<u>Heimahjúkrun</u>	15
<u>Afsláttur á fasteignaskatti</u>	16

UPPLÝSINGAR OG RÁÐGJÖF

Íbúar í Hvalfjarðarsveit geta leitað eftir nánari upplýsingum og ráðgjöf hjá félagsmálastjóra í stjórnsýsluhúsinu að Innrimel 3 varðandi ýmis mál s.s. félags- og tómstundastarf, heimaþjónustu, akstur, heimsendan mat og fleira.

Ráðgjöfin er ókeypis.

Félagsmálastjóri er Arndís Halla Jóhannesdóttir.

Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar er opin alla virka daga frá kl. 10-15.

Sími: 433-8500



FÉLAGSSTARF

Í Hvalfjarðarsveit er boðið upp á opið hús í Fannahlíð og vatnsleikfimi í Heiðarborg.

Starfssemin er í stöðugri þróun en eldri borgarar fá reglulega sendar tilkynningar í pósti með upplýsingum um hvað er framundan í félagsstarfinu.

Félagsstarfið er opið öllum eldri borgurum sveitarfélagsins, 60 ára og eldri, og er ekkert árgjald innheimt.

OPIÐ HÚS Í FANNAHLÍÐ

Markmið opna hússins er að allir eldri borgarar Hvalfjarðarsveitar fái tækifæri til að stunda fjölbreytt félags- og tómstundastarf og jafnframt að njóta samveru- stunda. Markmiðið er að koma í veg fyrir félagslega einangrun og virkja eldri borgara til þátttöku í félagslífi.

Í opnu húsi er m.a. lögð áhersla á að eldri borgarar komi fram og skemmti sér og öðrum, njóti fræðslu af ýmsu tagi um málefni er varða eldri borgara.

Þeir sem ekki geta komið sér sjálfir á staðinn sökum skertrar getu eða öldrunar eiga möguleika á að vera sóttir heim, þó er sérstaklega um það samið.

Að svo stöddu er ekki tekið gjald fyrir akstur í opið hús en við fjárhagsáætlunargerð ár hvert er það endurskoðað.

Opið hús er að jafnaði þriðja hvern miðvikudag í mánuði frá september og til og með maí.

VATNSLEIKFIMI

Markmið með vatnsleikfimi er að skapa eldri borgurum í Hvalfjarðarsveit tækifæri og aðstöðu til fjölbreytts félags- og tómstundastarfs. Einnig að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að viðhalda líkamsfærni.

Peir sem ekki geta komið sér sjálfir á staðinn sökum skertrar getu eiga möguleika á að vera sóttir heim, þó er sérstaklega um það samið.

Peir sem þurfa aðstoð í búningaklefum geta fengið hana sé þess þörf.

Að svo stöddu er ekki tekið gjald fyrir sundið og akstur en við fjárhagsáætlunargerð ár hvert er það endurskoðað.

Vatnsleikfimin er tvisvar í viku í þeim mánuðum sem skóli starfar.

Eftir vatnsleikfimi einu sinni í viku er boðið upp á hádegisverð í Heiðarskóla gegn vægu gjaldi.

FÉLAGSSTARF ALDRAÐRA Á AKRANESI OG NÁGRENNI

Íbúar í Hvalfjarðarsveit geta sótt félagsstarf aldraðra á Akranesi (FEBAN).

Félagsstarf eldri borgara og öryrkja, fyrir 67 ára og eldri, er starfrækt að Kirkjubraut 40 á Akranesi.

Félagsstarfið er ætlað fyrir íbúa Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar og er það opið alla virka daga frá kl. 13:00-16:00. Á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum er starfsemin ætluð eldri borgurum.

Starfinu er ætlað að fyrirbyggja félagslega einangrun og koma til móts við áhugasvið, færni og þekkingu þátttakenda á hverjum tíma í ýmis konar listsköpun og verkefnum sem oft eru árstíðabundin. Félagsstarf aldraða hefur það markmið að stuðla að samskiptum og veita félagsskap.

(upplýsingar fengnar af heimasíðu Akraneskaupstaðar).

AKSTURSPJÓNUSTA

Akstursþjónusta eldri borgara er fyrir þá íbúa Hvalfjarðarsveitar sem eru 67 ára eða eldri, búa sjálfstætt og eru ófærir um að nota eigið farartæki m.a. vegna langvarandi hreyfihömlunar.

Akstur er veittur til innkaupa, í læknisferðir, bankaferðir ásamt ferðum í sundleikfimi í Heiðarborg og í opið hús eldri borgara í Fannahlið.

Sækja þarf sérstaklega um akstursþjónustu til félagsmálastjóra s.433-8500.

FÉLAGSLEG HEIMAÞJÓNUSTA

Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, veikinda eða fötlunar.

Þjónustan er margbreytileg og reynt er að mæta þörfum hvers og eins. Félagslegur stuðningur, hvatning og samvera eru mikilvægir þættir í starfinu. Jafnframt aðstoðar starfsfólk félagslegrar heimaþjónustu við almenn heimilisstörf s.s. heimilisþrif.

Sótt er um félagslega heimaþjónustu hjá félagsmálastjóra að Innrimel 3 með því að fylla út umsókn þar eða að prenta út umsókn af netinu og skila útfylltri til félagsmálastjóra. Vefslóðin er www.hvalfjardarsveit.is.

Nánari upplýsingar veitir félagsmálastjóri í s.433-8500

HEIMSENDUR MATUR

Þeir sem ekki geta annast matseld sjálfir, sökum skertrar getu, geta fengið heimsendan mat á virkum dögum.

Nánari upplýsingar veitir félagsmálastjóri í s.433-8500.



HJÚKRUNAR- OG DVALARHEIMILIÐ HÖFÐI Á AKRANESI

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði er fyrir þá sem ekki geta búið sjálfstætt.

Höfði er hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða. Íbúar eru 75, þar af 54 á hjúkrunardeild og 21 á öldrunardeild, auk þess sem á Höfða er eitt hvíldar- og skammtímarými. Þá er aðstaða fyrir 20 manns í dagvistun, auk heimilisfólks.

Þegar sótt er um á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða þarf að liggja fyrir svokallað vistunarmat. Aðstæður umsækjenda eru skoðaðar með tilliti til heilsufars, félagslegra aðstæðna og fjölskylduaðstæðna. Skoðað er hvaða aðstoðar umsækjandi nýtur og hvernig honum gengur að bjarga sér við athafnir daglegs lífs, persónulega umhirðu og heimilisstörf.

(upplýsingar fengnar af heimasíðu Höfða)

Nánari upplýsingar veitir félagsmálastjóri í s.433-8500

HVÍLDARINNLAGNIR Á HÖFÐA

Um er að ræða hvíldarinnlögn aldraðra á Höfða, hjúkrunar- og dvarlarheimili. Hvíldarinnlögnin er þrjár vikur og hefst á þriðjudegi. Með hvíldarinnlögn er átt við tímabundna dvöl og útskrifast einstaklingur aftur heim til sín.

Markmiðið með hvíldarinnlögn er að gera fólki kleift að búa áfram á eigin heimili og er liður í að viðhalda lífsgæðum einstaklings sem og stuðningur og ráðgjöf við aðstandendur.

Áhersla er lögð á styrkingu líkamlegra, andlegra og félagslegra þátta.

Á meðan á dvöl stendur nýtur hvíldargestur allrar almennrar þjónustu sem Höfði hefur upp á að bjóða ásamt því að taka þátt í félagsstarfi og þeim viðburðum sem í boði eru.

(upplýsingar fengnar af heimasíðu Höfða)

Nánari upplýsingar veitir félagsmálastjóri í s.433-8500

ENDURHÆFING ALDRAÐRA Á GÖNGUDEILD

Á vegum HVE (Heilbrigðisstofnun Vesturlands) á Akranesi er nú boðið upp á endurhæfingu fyrir aldraða á göngudeild.

Um er að ræða sérhæfða endurhæfingu fyrir aldraða sem búa heima og er hún ætluð einstaklingum með miðlungsmikla skerðingu á færni. Markmiðið er að styrkja þá til áframhaldandi búsetu á eigin heimili með því að meta heilsufar þeirra, beita líkamsþjálfun og meta og auka færni og félagslega virkni.

Endurhæfingin fer fram á endurhæfingardeild HVE á Akranesi.

Fjórir einstaklingar taka þátt í endurhæfingunni í senn og mæta þeir virka daga kl. 9-12, í 4 vikur.

(upplýsingar fengnar af heimasíðu HVE)

Nánari upplýsingar veitir félagsmálastjóri í s.433-8500

HEIMAHJÚKRUN

Heimahjúkrun er veitt einstaklingum sem vegna skertrar færni þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs og/ eða sérhæfða hjúkrun vegna alvarlegra veikinda.

Heimahjúkrun er sinnt af heilsugæslustöðvum og er veitt einstaklingum sem búa innan þjónustusvæðis HVE og að mati læknis eða hjúkrunarfræðings þurfa á heimahjúkrun að halda.

Heimahjúkrun og félagsleg heimahjónusta starfa náið saman, samhæfa og skipuleggja þjónustuna með velferð og þarfir þjónustuþeganna að leiðarljósi.

Markmið heimahjúkrunar er að gera einstaklingnum kleift að dvelja heima við sem eðlilegastar aðstæður eins lengi og unnt er þrátt fyrir heilsubrest og/ eða skerta færni. Heimahjúkrun er fagleg þjónusta sem byggir á þekkingu, kærleika og virðingu sem tekur mið af þörfum hvers einstaklings og í samráði við hann.

(upplýsingar fengnar af heimasíðu HVE)


Nánari upplýsingar veitir félagsmálastjóri í s.433-8500

AFSLÁTTUR Á FASTEIGNASKATTI

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur. Ekki þarf að sækja um lækkun þar sem gerður er vélrænn samanburður tekna samkvæmt fyrirbyggjandi skattframtali.

Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Nánari upplýsingar veitir fjármálastjóri í s.433-8500



Maður er aldrei of
gamall til að setja sér
ný markmið eða til að
dreyma nýja drauma.



2015

ÞJÓNUSTA FYRIR ELDRI BORGARA Í
HVALEFJARÐARSVEIT

Félagsþjónusta Hvalfjarðarsveitar

Innrímel 3

Sími: 433-8500

Netfang: felagsmal@hvalfjardarsveit.is